

61. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 20. febrúar 2018
og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Kristín Hálfðánsdóttir aðalmaður, Jóna Símónía Bjarnadóttir varamaður, Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður, Hildur Dagbjört Arnadóttir aðalmaður, Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Sólveig Bessa Magnúsdóttir áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi og Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Vegvísir í þéttbýli - 2018020013

Lögð fram tillaga tæknideildar um vegvísa innan þéttbýliskjarna í Ísafjarðarbæ.

Nefndin felur umhverfisfulltrúa að gera breytingar í samræmi við umræður á fundinum og óska eftir umsögnum hverfisráða í Ísafjarðarbæ.

2. Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2010120030

Ökuhraði á Eyrinni á Ísafirði.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur nauðsynlegt að leita leiða til að lækka ökuhraða í gamla bænum á Ísafirði, t.d. með því að skilgreina ákveðnar götur sem vistgötur. Nefndin felur umhverfisfulltrúa að vinna áfram að málinu og leggja það aftur fyrir nefndina.

3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 15. febrúar sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál. Umsagnarfrestur er til 27. febrúar nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1006. fundi sínum 19. febrúar sl. og vísaði til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Lagt fram til kynningar og vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:25

Kristín Hálfðánsdóttir

Jóna Símónía Bjarnadóttir

Gísli Elís Úlfarsson

Hildur Dagbjört Arnardóttir

Brynjar Þór Jónasson

Sólveig Bessa Magnúsdóttir

Hálfdán Bjarki Hálfðánsson

Ralf Trylla